

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Breyting á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar. Breytingin á deiliskipulaginu felst í því að skilgreint er niðurdælingasvæði og niðurdælingahola fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð. Niðurdælingasvæðið er 0,4 ha að stærð, staðsett sunnan við kæliturninn í Kröflu. Niðurdælingaholan er staðsett innan niðurdælingasvæðisins en holan mun vera skáboruð til vesturs, en markmiðið er að finna lekt við að skáboru gegnum gossprungu frá Daleldum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Skútustaðahrepps, 11. mars 2021,

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2021